

Nemendafing um jafnrétti kynjanna

Þann 8. febrúar 2018 var haldið nemendafing allra nemenda Flúðaskóla. Markmið þingsins var að skapa umræður um jafnrétti kynjanna og fá fram mismunandi sjónarmið nemenda. Nemendafing eru góður vettvangur til að þroska gagnrýna hugsun og stuðla að lýðræðislegum vinnubrögðum. Stefnt er að því að nemendafing verði árlegur viðburður í Flúðaskóla þar sem mismunandi málefni verða tekin fyrir í hvert skipti og rædd á lýðræðislegan hátt.

Fyrir þingið tóku umsjónakennarar að sér að kynna fyrir nemendum orð og hugtök tengd kynjajafnrétti til að þau væru betur undirbúin fyrir sína vinnu á þinginu.

Nemendum var skipt upp í aldursblandaða hópa, 7 – 8 nemendur í hverjum hópi og voru 10. bekkingar borðstjórar en þeir stýrðu umræðum og pössuðu upp á að allir fengju að komast að með sínar skoðanir. Einn starfsmaður var ritari hvers hóps og mátti viðkomandi ekki blanda sér í umræður hópsins.

Okkur fannst takast vel til með þingið. 10. bekkingar stóðu sig mjög vel sem borðstjórar og nemendur voru almennt virkir í umræðum. Niðurstöður þingsins koma hér á eftir og hugmyndir að aðgerðum þar sem það á við.

Eftirfarandi spurningar voru lagðar til grundvallar í hópum:

1. Hvað græða strákar á jafnrétti?
2. Hvað græða stelpur á jafnrétti?
3. Hvað geta aðilar skólasamfélagsins gert til að efla jafnrétti?
4. Hvað geta foreldrar gert til að efla jafnrétti?
5. Hvað getið þið sjálf gert til að efla jafnrétti?

Samantekt á því sem fram kom í hópunum skráð eins og það kom frá nemendum:

1. Hvað græða strákar á jafnrétti?

Stelpur væru krafðar líkamlega jafnt og strákar

Strákar fá að gera meira

Fá betri vinnu

Þeir þurfa ekki alltaf að gera "erfiðu" hlutina

Minni vinna

Leggja á borðið

Þá hættir kannski eitthvað hatur á milli þeirra.

Meiri tíma með börnunum

Stelpur og strákar geti leikið saman án þess að vera strítt

Þá færu fleiri konur að vinna í "karlastörfum"

Fá að gera það sama og stelpur

Minna einelti fá að vera eins og þeir vilja

Jafnmikið og stelpur

Þeir væru skammaðir eitthvað öðruvísi þegar þeir eru að gera eitthvað rangt. Stelpur eru skammaðar á blíðari hátt.

Jafnrétti karla er jafnmikið og fyrir 30 árum, stelpur græða bara.

Ekkert

Athygli

Sömu laun

Fleiri tækifæri

Stelpur fá að gera það erfiða, en strákar geta það.

Þeir fá að gera fleiri heimilisverk.

Fæðingarorlof

Græða á því að konan hækkar í launum

Fá að vera þeir sjálfir

Þeir hafa möguleika á fjölbreyttari störfum, s.s. Ljós móðir, hjúkrunarfræðingur, kennari og leikskólastörf

Að það sé samþykkt að þeir noti húðvörur.

2. Hvað græða stelpur á jafnrétti?

Hærri laun

Meiri virðingu

Ábyrgðarstöður

Betri menntun

Meiri tækifæri á vinnumarkaði

Þær græða skólagöngu í vanþróuðum ríkjum

Stelpur fá að vinna strákastörf

Allir mega vinna öll störf

Minna einelti t.d. gert grín að stelpu með stutt hár

Fá að klæða sig eins og þær vilja fá að vera þær sjálfar

Þurfa ekki að sjá um húsverkin sumar vilja það ekki

Meira sjálfstraust

Sömu laun fyrir sömu vinnu

Jafna athygli í íþróttum

Þær fá að mjólka

Minni vinna, meiri peningur.

Þurfa ekki alltaf að elda matinn

Jöfn laun

Þær eru teknar meira alvarlega á vinnumarkaði.

Stundum finnst stelpum að þær fá ekki að gera það sama og strákar, t.d. á æfingum.

Ekki lægra settar

Hefði átt að leyfa konum að fara fyrr á þing

Íþróttarkonur jafn rétt háar v/sjónvarps + klefar

Stelpur geta tekið meiri þátt í íþróttum

Að ekki sé endilega búist við að strákar séu sterkari en konur, bæði líkamlega og andlega

Þær fá að kjósa

3. Hvað geta aðilar skólasamfélagsins gert til að efla jafnrétti?

Fræða meira um jafnrétti

Ekki alltaf skamma strákana, stelpur eru oft með læti líka

Kennarar þyrftu að skipta sér meira af, strákar sleppa oft vel í hópavinnu

Ráða fleiri karlkennara

Strákar og stelpur fái jafnan tíma í Ipöðum

Strákar þurfa oft að færa hluti í íþróttum

Gera sömu kröfur til stráka og stelpna í íþróttum

Kenna strákum að vera ekki dólgar

Hætta að kynjaskipta svona mikið sérstaklega í íþróttum

Leyfa stelpum að gera það sama og strákar, t.d. lyfta borðum

Koma eins fram við bæði kynin.

Skamma stelpur jafn mikið og stráka

Leyfa öllum að gera jafnmikið

Strákar fengju líka að gera léttu hlutina

Láta stelpur og stráka fá sömu verkefni, og jafnerfið.ð

Halda fund fyrir kennara

Sameiginlegt WC

Nemendum frá öðrum löndum getur lengi liðið eins og utanaðkomandi og finnst þeir ekki eiga inngöngu - veltir fyrir sér hvort upplifunin sé sú sama hjá báðum kynjum.

Hvernig getum við brugðist við?

Skólinn mun setja inn í skólanámskrá tímasetta jafnréttisfræðslu fyrir alla árganga.

Kennarar geta notað sjálfsmat fyrir nemendur að lokinni hópavinnu þar sem hægt er að skoða þátttöku kynjanna eftir upplifun þeirra sjálfra. Setningar sem hægt væri að nota í slíku mati gætu t.d. verið: ég hafði eitthvað til málanna að leggja, ég hlustaði á aðra óháð kyni, ég lagði mig fram, svo eitthvað sé nefnt.

Kennarar séu meðvitaðir um það hverja þeir biðja um að hjálpa til við að færa til hluti í skólanum en beini ekki orðum sínum frekar til stráka eins og raunin virðist í dag.

Nemendur nefna að fá fleiri karlkennara en jafnréttis stefna sveitarfélagsins og skólans gerir ráð fyrir því þegar störf eru auglýst að hvetja alla til að sækja um óháð kyni.

Salerni verði ekki merkt eftir kyni.

Hægt er að kanna hvort nemendur af erlendu bergi brotnu hafi ólíka upplifun, eftir kyni, hversu vel þeim gengur að komast inn í hópinn.

4. Hvað geta foreldrar gert til að efla jafnrétti?

Örugglega ekkert

Láta börnin sín gera jafnmikið og sömu verkefni.

Skipta húsvörum

Vera fyrirmyndir barnanna, hvað varðar verkaskiptingu.

Vera fyrirmyndir barnanna. Þabbinn skúrar líka og þurrkar af. Mamman gerir líka t.d. við vélar.

Kaupa dúkkur, bíla og byssur fyrir bæði kynin

Foreldrar koma í skólann

Taka jafnmikinn þátt í heimilisstörfum.

Staðalmyndir - foreldrar skipti með sér verkum heima til að brjótast út úr ákveðnum kvenna- og karlastörfum

Kenna og útskýra jafnrétti fyrir börnunum sínum.

Kenna jafnrétti

Láta syni í inniverk og stelpur í útiverk

Þyrfti að fræða foreldra meira um jafnrétti

Hver á að ganga frá eftir sjálfan sig

Hvetja börnin sín til að vera eins og þau vilja
Enginn litamunur (bleikt og blátt)
Fundir við matarborðið
Leyfa strákum og stelpum að fá sömu tækifæri.

Hvernig getum við brugðist við?

Fræða foreldra og bjóða reglulega upp á kynjafræðslu, hægt væri að setja inn í skólanámskrá hvenær og hvernig sú fræðsla á að fara fram.

5. Hvað getið þið sjálf gert til að efla jafnrétti?

Taka til heima eins og fullorðnir allir taka þátt
Hjálpa foreldrum meira
Koma vel fram við aðra
Virðing
Ekki dæma eftir kynjum og fá að vera við sjálf
Kjósa fólk óháð kyni ekki bara alltaf kalla
Allir eiga fá sömu laun t.d íþróttum
Engir fordómar koma eins fram við alla óháð kyni
Vera vinir ekki skilja út undan
Hjálpast að
Breyta samfélagfélaginu þ.e. ímynd ekki vera föst í staðalímyndum
Strákar mega vera í bleiku
Fræðast meira um jafnrétti (googla það)
Vera sáttt við sjálfan sig
Strákar eru líkamlega sterkari gefa stelpum sjéns þær geta æft sig og
Gera það sama, hvort sem þau eru strákar eða stelpur
Berjast fyrir jöfnu kaupum
Passa að komandi kynslóðir séu meira meðvitaðar um þetta heldur en við.
Passa að allir komi fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig
Ræða saman og gera hlutina saman
Láta fólk bera virðingu fyrir manni á vinnumarkaðnum.
Taka stelpu- og strákamerkingar af klósettum
Leyfa stelpum og strákum að æfa íþróttir meira saman

Ekki gera grín að kynjunum ef annað kynið á auðveldara með eitthvað

Leyfa öllum að vera með, láta alla vera glaða

Allir fái að gera jafnmikið

Mótmæla ójafnrétti

Funda oft

Fólk á að hætta að metast

Tala meira um jafnrétti

Leyfa fólki að vera allskonar, trans, hinsegin og þess háttar.

Hvað getum við gert?

Allir nemendur fái fræðslu í kynjafræði og vakin sé athygli á kynjajafnrétti og fjölbreytileika á margvíslegan hátt.

Lokaorð

Ýmislegt áhugavert kom fram í hópunum. Sumu er hægt að bregðast við innan skólans en við öðru er lítið hægt að gera annað að fræða í skólasamfélaginu. Greinilegt er að nemendur eru meðvitaðir um mikilvægi jafnréttis og fjölbreytileika en betur má ef duga skal og því er gert ráð fyrir aukinni fræðslu til allra.

Fyrir þingið tóku umsjónakennarar að sér að kynna fyrir nemendum orð og hugtök tengd kynjajafnrétti, til að þau væru betur undirbúin og teljum við að það hafi skilað góðum árangri.

Mikil ánægja var með þingið og þótti okkur gaman að sjá hvað nemendur blönduðust vel saman í þessum breiðu aldurshópum. Flúðaskóli stefnir á að halda sambærileg þing árlega, með fjölbreyttum umræðuefnum.